



Dynjandi

Verndar- og stjórnunaráætlun 2015-2024

2015 **Drög**



UMHVERFISSTOFNUN

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| AÐGERÐAÁÆTLUN 2015-2019 | 1 |
| 1. INNGANGUR | 4 |
| 1.1. Leiðarljós og markmið | 4 |
| 1.2. Eignarhald og umsjón | 5 |
| 1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi | 5 |
| 1.4. Verndargildi svæðisins | 5 |
| 1.5. IUCN verndarflokkun | 6 |
| 2. LÝSING Á SVÆÐINU | 7 |
| 2.1. Mörk svæðisins | 7 |
| 2.2. Náttúruminjar | 7 |
| 2.3. Menningarminjar | 7 |
| 2.4. Innviðir | 7 |
| 2.5. Ferðaþjónusta og útivist | 8 |
| 2.6. Rannsóknir og fræðsla | 8 |
| 2.7. Tengsl við grannsvæði | 8 |
| 3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR | 9 |
| 3.1. Svæðisskipting | 9 |
| 3.2. Náttúruminjar | 9 |
| 3.3. Verndun jarðmyndana og landslags | 9 |
| 3.4. Landnotkun | 10 |
| 3.5. Innviðir | 10 |
| 3.5.1. Gönguleiðir | 10 |
| 3.5.2. Salerni | 10 |
| 3.5.3. Sorpflokkun | 11 |
| 3.5.4. Tjaldsvæði | 11 |
| 3.5.5. Vegagerð og bílastæði | 11 |
| 3.6. Menningarminjar | 12 |
| 3.7. Ferðaþjónusta | 12 |
| 3.8. Vélbátar, flugvélar, þyrlur og ómönnuð loftför | 12 |
| 3.9. Upplýsingar og fræðsla | 12 |
| 3.10. Rannsóknir og vöktun | 13 |
| 3.11. Innri starfsemi | 13 |
| 3.12. Öryggismál | 13 |
| 4. GILDISTÍMI OG ENDURSKOÐUN | 14 |
| VIÐAUKI I | 15 |
| VIÐAUKI II | 16 |
| VIÐAUKI III | 17 |
| VIÐAUKI V | 18 |

Aðgerðaáætlun 2015-2019

Kafla þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að Umhverfisstofnun vinni að á næstu fimm árum.

Lífriki

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) um að gera vöktunaráætlun á gróðri og öðru lífríki fyrir lok árs 2016. Þar skal koma fram tíðni og fyrirkomulag vöktunar á fuglalífi og ástandi gróðurs. Umhverfisstofnun hafi umsjón með framkvæmd vöktunarinnar.
- ✓ Komið verði í veg fyrir jarðvegsrof, gróðureyðingu og truflun á dýralífi af völdum ágangs manna með stýringu umferðar með göngustígum og merkingum. Umhverfisstofnun skal fylgja því eftir og leggja mat á árangur þeirrar stýringar árlega.

Jarðmyndanir og landslag

- ✓ Eyða ummerkjum aflögustíga út frá göngustígum meðfram Dynjandisá. Umhverfisstofnun framkvæmi þá vinnu árlega eftir föngum og að verkið verði kortlagt og myndað með markvissum hætti til að unnt sé að meta árangur.

Innviðir

- ✓ Umhverfisstofnun vinni heildstæða framkvæmdaráætlun fyrir svæðið og hugað verði að útliti og samræmingu innviða. Áætlunin skal liggja fyrir árið 2015.

Gönguleiðir

- ✓ Umhverfisstofnun ljúki lagfæringum og uppbyggingu á göngustígum meðfram Dynjandisá og hönnun og uppsetningu útsýnispalla samkvæmt deiliskipulagi árið 2018.
- ✓ Umhverfisstofnun sjái til þess að göngustígum verði viðhaldið eftir föngum.
- ✓ Umhverfisstofnun sjái til þess árlega að girðingum og merkingum við göngustíga verði viðhaldið og bætt við eftir þörfum.

Salerni

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því að Ísafjarðarbær annist viðhald á vatnssalernum árið 2015.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því að Ísafjarðarbær í samstarfi við stofnunina stefni að stækkun á salernisaðstöðu fyrir árið 2017.

Sorpflokkun

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við Ísafjarðarbæ um að setja upp ílát fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir fyrir árið 2016.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við Ísafjarðarbæ um að stefna á að flokkunarílát fyrir plast, pappír, lífrænt og almennt sorp verði sett upp fyrir árið 2020. Umhverfisstofnun hafi eftirlit með ílátum og Ísafjarðarbær sjái um að ílát verði tæmd eftir þörfum.

Tjaldsvæði

- ✓ Umhverfisstofnun í samstarfi við Ísafjarðarbæ ljúki við skipulagningu tjaldsvæðis og óski eftir því að Ísafjarðarbær ljúki verkefninu, stækkun og skipulagningu tjaldsvæðis, fyrir árslok 2018.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því að Ísafjarðarbær setji upp upplýsingaskilti um tjaldsvæðið með umgengisreglum sem um það gildir fyrir árið 2016.

Vegagerð og bílastæði

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því við Vegagerðina að samhliða viðhaldi á Þjóðvegi nr. 60 ár hvert verði gert viðhald á vegi að að bílastæði við Dynjanda, árið 2015.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því við Vegagerðina að stækkun á bílastæði og merkingum stæða fyrir einkabíla, rútur og hreyfihamlaða verði framkvæmt fyrir árslok 2016.

Menningarminjar

- ✓ Umhverfisstofnun vinni að samantekt á munnlegum sögnum og heimildum sem tengjast Dynjanda og óski eftir samstarfi við landeigendur, sveitafélag og félagasamtök á Vestfjörðum. Verkefnið skal hefjast fyrir árið 2016 og unnið árlega eftir föngum. Sagnir skulu svo birtar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Ferðaþjónusta

- ✓ Umhverfisstofnun setji upp teljara á göngustíg til að áætla fjölda gesta náttúruvættisins árið 2016.
- ✓ Umhverfisstofnun stefni að því að vinna þolmarkagreiningu fyrir náttúruvættið og innviði þess fyrir árslok 2019.

Upplýsingar og fræðsla

- ✓ Umhverfisstofnun setji upp tvö aðkomuskilti á mörk náttúruvættisins við Þjóðveg nr. 60 til að vekja athygli á mörkum verndarsvæðisins árið 2017.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við NAVE um að setja upp fræðsluskilti um lífríki fjörunnar í Dynjandisvog fyrir árið 2020.



Rannsóknir og vöktun

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við NAVE um að gera rannsóknar- og vöktunaráætlun fyrir árslok 2016.
- ✓ Landverðir vakti árlega fuglalíf í Dynjandisvogi og skrái tegundir og fjölda þeirra hverju sinni í dagbók landvarða.
- ✓ Landverðir vakti álag á svæðinu af völdum ferðamanna árlega og myndi göngustíga og gróður umhverfis þá tvisvar á ári, í byrjun og lok sumars, og skrái niðurstöður í dagbók landvarða.

Öryggismál

- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri Öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar fyrir Dynjanda fyrir árið 2016.
- ✓ Landvörður vakti stíga og mannvirki árlega m.t.t. öryggismála og skrái það í dagbók landvarða.
- ✓ Umhverfisstofnun skal stuðla að slysaforvörnum meðal gesta með merkingum og öðrum upplýsingum samhliða framkvæmdum við göngustíga og útsýnispalla á svæðinu.

1. Inngangur

Dynjandi er 99 m hár foss sem fellur fram af fjallsbrún eftir hörðu blágrýtislagi. Dynjandi er í Dynjandisá og er efstur í fossastiga sem varð til vegna lagskiptingar bergsins í hraunlög og lausari millilög. Neðan Dynjanda liðast áin niður 7 fossa og endar í sjó í Dynandisvogi.

Megin markmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið Dynjanda er að leggja fram stefnu um verndun þess og hvernig viðhalda eigi verndargildi svæðisins í sátt við landeigendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Afnot gesta og ferðaþjónustuaðila af svæðinu skal vera sjálfbær. Sérstaða náttúruvættisins er mikil og með áætluninni er stefnt að því að standa vörð um og efla jákvæða ímynd svæðisins.

Nánari lýsingu og fróðleik um Dynjanda er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is>.

Vinna við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar Dynjanda hófst í október 2014. Áætlunin var unnin af samstarfsnefnd um náttúruvættið og starfsfólki Umhverfisstofnunar og er sett í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999. Samstarfsnefndina skipuðu:

- ✓ Hákon Ásgeirsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar
- ✓ Steinunn Huld Atladóttir, gæða- og umhverfisstjóri RARIK

1.1. Leiðarljós og markmið

Hér eru sett fram leiðarljós verndar- og stjórnunaráætlunarinnar. Leiðarljósín eru framtíðarsýn og lýsir grundvallarsjónarmiðum sem sett eru fram í áætluninni um hvernig viðhalda og auka eigi verndargildi náttúruvættisins. Nánari stefnumörkun, þ.e. markmið og leiðir að markmiðum, byggir á leiðarljósunum og eru sett fram í hverjum málaflokki. Leiðarljósín eru:

- ✓ Að svæðið verði byggt upp með markmið sjálfbærar þróunar að leiðarljósi.
- ✓ Að náttúrufarsleg gæði svæðisins viðhaldist.
- ✓ Að gott samstarf og virkt samráð verði milli Umhverfisstofnunar, landeigenda, sveitastjórnar og ferðamálayfirvalda um uppbyggingu og viðhald á náttúruvættinu og nágrenni þess.
- ✓ Að álag vegna heimsókna gesta skaði ekki náttúru- og menningarminjar svæðisins.
- ✓ Að ástand innviða og viðhald göngustíga og skilta á svæðinu verði til fyrirmyndar.
- ✓ Að gott aðgengi fyrir alla sé að svæðinu og að það henti til útivistar allt árið um kring.
- ✓ Að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu.
- ✓ Að stuðla að aukinni fræðslu um náttúru og lífríki svæðisins og tilgangi friðlýsingar til að auka skilning almennings á mikilvægi náttúruverndar.

1.2. Eignarhald og umsjón

Friðlýsta svæðið nær yfir allt land eyðibýlisins Dynjanda í Arnarfirði og er í eigu RARIK ohf (viðauki II). Umhverfisstofnun hefur umsjón með svæðinu skv. friðlýsingu og lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Ísafjarðarbær sér um daglegan rekstur tjaldsvæðis og vatnssalerna yfir sumartímann. Gert er ráð fyrir að sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Patreksfirði hafi umsjón með náttúruvættinu og framgangi verndar- og stjórnunaráætlunar í samstarfi við Ísafjarðarbæ og landeigenda RARIK.

1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Dynjandi og aðrir fossar í Dynjandisá ásamt umhverfi þeirra var friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 47/1971 sem náttúruvætti árið 1981 og endurskoðað með auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 348/1986 (viðauka I). Í friðlýsingu Dynjanda er alþjóðlegra samninga ekki sérstaklega getið en þeir samningar sem hafa þýðingu fyrir lífríkið innan náttúruvættisins er Bernarsamningurinn frá 1993 og alþjóðasamþykkt um fuglavernd frá 1956.

Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi landeigenda, Ísafjarðarbæjar og Umhverfisstofnunar. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að hinu friðlýsta svæði verði spillt sbr. 38 gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Framkvæmdir skulu einnig vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndar- og stjórnunaráætlun Dynjanda.

Skipulagsáætlanir

Í Ísafjarðarbæ er í gildi aðalskipulag frá 2008 sem gildir til 2020. Tekið er tillit til friðlýsingar Dynjanda í skipulaginu. Á vormánuðum 2014 var samþykkt deiliskipulag fyrir Dynjanda (viðauki III).

1.4. Verndargildi svæðisins

Náttúruvættið Dynjandi er mikilvægt í hugum margra og hefur margvísleg gildi fyrir fólk, samfélag og náttúru. Eitt helsta leiðarljós fyrir verndun náttúruvættisins og viðhald gilda þess er að ná sátt um málefni þess, nýtingu og verndun, en komið hefur til álit að virkja á vatnasviði Dynjanda og þar með skerða vatnsrennsli til fossanna í ánni. Jörðin Dynjandi er gömul eyðijörð með ummerki um langa búsetu. Svæðið er í dag vinsæll áningarstaður ferðamanna og eitt það fjölsóttasta á Vestfjörðum.

Dynjandi er einn af hæðstu fossum Íslands. Hann hefur fyrst og fremst fegurðargildi og er í hugum margra mikilvæg náttúruperla og ímynd Vestfjarða og landsins alls og er m.a. einn fyrstu fossa sem settur var á íslenskt frímerki. Fossaröðin í Dynjandisá er ein hin sérkennilegasta og tilkomumesta sem þekkt á blágrýtissvæðum landsins og hefur svæðið talsvert jarðfræðilegt gildi. Dynjandi hefur mikið samfélagslegt gildi. Hagrænt gildi er einnig mikið þar sem margir íbúar sveitarfélagsins og aðrir hafa beinar og óbeinar tekjur af svæðinu. Búseta og fornleifar á svæðinu hafa einnig sögulegt og menningalegt gildi fyrir samfélagið.



1.5. IUCN verndarflokkun

Samkvæmt aðferðarfræði IUCN (Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna) um flokkun friðlýstra svæða, þá flokkast náttúruvættið Dynjandi í flokk III. Í þessum flokki eru svæði sem hafa það að megin markmiði að vernda sérstæðar náttúruminjar ásamt líffræðilegum fjölbreytileika og búsvæðum því tengdu. Það sem gerir verndarflokk III frábrugðin öðrum verndarflokkum er að verndargildi svæða í þessum flokki eru oft meira metið út frá tilfinningum fólks til svæðis en önnur fræðileg gildi. Hafa þarf í huga að í tengslum við þennan verndarflokk að oftast er um að ræða tiltölulega lítil svæði sem oft reiða sig á mun stærri svæði til að geta þrífist (eins og í tilfalli Dynjanda). Þetta á sérstaklega við þegar kemur að fossum sem reiða sig á mun stærri vistkerfi og eru vatnasvið þeirra mikilvæg til að viðhalda náttúrulegu rennsli þeirra.

2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk svæðisins

Náttúruvættið Dynjandi er 644,9 ha að flatarmáli. Mörk svæðisins má sjá í viðauka II.

2.2. Náttúruminjar

Þegar ísöld lauk fyrir um 10.000 árum hafði framskrið jökulsins grópað djúpa dali og firði í hásléttu Vestfjarða og sorfið niður mishörð millilögin. Eftir stóðu hörð blágrýtslög sem bera uppi fossastiga Dynjandisár. Áin á upptök sín í nokkrum vötnum á Dynjandisheiði, aðalega í Stóra- Eyjavatni. Margir fossar eru í Dynjandisá og er Dynjandi þeirra tilkomumestur, 99 m hár og 30 m breiður efst og 60 m neðst.

Gróðurfar á svæðinu einkennist af lymbrekkum og graslendi, á flatlendi eru gömul tún. Austan árinna er kjarrlendi mest áberandi með birki, reyni og víðitegundum. Tvær sjaldgæfar blómplöntur á landsvísu finnast á svæðinu, sóldögg og þríhyrnuburkni.

Fjölbreytt fuglalíf er í Dynjandisvogi, en þar hafa verið skráðar 35 tegundir fugla. Leirurnar í voginum eru mikilvægar fæðustöðvar farfugla vor og haust. Landselir halda einnig til í voginum.

2.3. Menningarminjar

Fjöldi sögulegra minja er innan náttúruvættisins og eru alls 38 mismunandi minjar skráðar. Fyrstu heimildir um jörðina Dynjanda eru frá miðöldum en jörðin var í ábúð til ársins 1951 og ber svæðið merki langrar og síendurtekinnar búsetu. Fornleifakönnunin er aðgegnileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

2.4. Innviðir

Á Dynjanda er tjaldsvæði með uppvottar- og salernisaðstöðu ásamt móttöku fyrir sorp. Bílastæði er fyrir um 18 bíla og eina rútu. Um 800 m langur göngustígur liggur frá bílastæði að fossinum Dynjanda og út frá honum liggja hliðarstígar að öðrum fossum í Dynjandisá. Malarvegur liggur frá Þjóðvegi 60 að bílastæði og áfram með fjörunni út fyrir náttúruvættið við Deildanes. Aðrir innviðir eru:

- ✓ Þrjú vatnssalerni, eitt af því fyrir hreyfihamlaða.
- ✓ Eitt þurrsalerni sem er opið yfir vetrartímenn.
- ✓ Þrjú áningaborð.
- ✓ Fjögur fræðslu- og upplýsingaskilti um náttúruvættið.
- ✓ Átta skilti úr rekavið með nöfnum fossanna.



2.5. Ferðabjónusta og útivist

Fjöldi ferðamanna sem heimsækja náttúruvættið Dynjanda hefur aukist hratt og mikið á undanförunum árum en svæðið er í alfaraleið og mjög aðgengilegt yfir sumartímann. Yfir vetrartímann er aðgengi að svæðinu á meðan þjóðvegur nr. 60 er opinn. Á Dynjanda er tjaldsvæði sem er rekið af Ísafjarðarbæ og ferðamenn nýta sér í auknum mæli. Aðal aðdráttarafl svæðisins er fossinn Dynjandi og aðrir fossar í Dynjandisá. Gildi svæðisins til útivistar er mikið, og er algengt að gestir svæðisins gangi upp að fossinum Dynjanda um 800 m leið.

2.6. Rannsóknir og fræðsla

Náttúrustofa Vestfjarða (NAVE) hefur gert gróðurfarsrannsókn á hluta svæðisins og fornleifakönnun sem er aðgengilegt á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Starfsmenn Umhverfisstofnunar fylgjast vel með fuglalífi í Dynjandisvogi og upplýsa NAVE um tegundir og fjölda þeirra eftir föngum. Fræðsluskilti um náttúru- og menningarminjar svæðisins voru endurnýjuð árið 2015.

2.7. Tengsl við grannsvæði

Vatnasvið Dynjandisár er um 43 km² að stærð og er stærsti hluti þess utan hins friðlýsta svæðis (viðauki II). Friðun vatnasviðsins nær að Stóra- Eyjavatni sem er stærsta stöðuvatnið á vatnasviði Dynjanda 1,66 km² að stærð.

3. Markmið, stefna og leiðir

3.1. Svæðisskipting

Náttúruvættið Dyjanda er skipt upp í tvö svæði með mismunandi áherslum á landnotkun.

- Svæði 1 Almenningi er heimilt að ganga um svæðið en þó með þeim takmörkunum sem kunna að vera settar. Ekki er gert ráð fyrir neinum framkvæmdum og lögð er áhersla á að viðhalda ósnortinni náttúru eins og kostur er. Svæði 1 er svæði utan deilisskipulagssvæðis (viðauki III).
- Svæði 2. Gert ráð fyrir stærri framkvæmdum, t.d. uppbyggingu á aðstöðu fyrir gesti (fræðsluskilti, salernisaðstaða, aðstaða fyrir tjaldgesti, aðstaða fyrir sorp og sorpflokkun, göngustígar, bílastæði og vegagerð). Almenningi er heimilt að fara um svæðið en þó með þeim takmörkunum sem kunna að vera settar. Innan svæðisins er skipulagður þjónustureitur þar sem m.a. er gert ráð fyrir stækkun á salernisaðstöðu og aðstöðu fyrir tjaldgesti. Einnig er gert ráð fyrir bættu aðgengi fyrir hreyfihamlaða og útsýnispöllum við fossa. Svæði 2 er deilisskipulagssvæði (viðauki III).

3.2. Náttúruminjar

Vernda skal lífríki innan og á áhrifasvæði náttúruvættisins Dyjanda. Stuðla skal að verndun vatnasviðs Dyjandisár og að vatnsrennsli til fossanna verði óskert, að fossinn Dyjandi og aðrir fossar í Dyjandisá falli frjálssir og óheftir eins og náttúran ætlar þeim. Umhverfisstofnun stefnir á að endurskoða auglýsingu um náttúruvættið og skerpa á reglum sem um það gilda. Samhliða því verði mörk náttúruvættisins tekin til skoðunar.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við NAVE um að gera vöktunaráætlun á gróðri og öðru lífríki fyrir lok árs 2016. Þar skal koma fram tíðni og fyrirkomulag vöktunar á fuglalífi og ástandi gróðurs. Umhverfisstofnun hafi umsjón með framkvæmd vöktunarinnar.
- ✓ Komið verði í veg fyrir jarðvegsrof, gróðureyðingu og truflun á dýralífi af völdum ágangs manna með stýringu umferðar með göngustígum og merkingum. Umhverfisstofnun fylgi því eftir og leggja mat á árangur þeirrar stýringar árlega.

3.3. Verndun jarðmyndana og landslags

Vernda skal jarðmyndanir náttúruvættisins Dyjanda og gæta þess að framkvæmdir og ágangur manna rýri ekki ásýnd svæðisins. Uppbygging innviða skal vera þannig háttað að þeir falli vel að landslaginu og rýri ekki náttúruleg gæði og ásýnd svæðisins.

Aðgerðir:

- ✓ Eyða ummerkjum aflögustíga út frá göngustígum meðfram Dynjandisá. Umhverfisstofnun framkvæmi þá vinnu árlega eftir föngum og að verkið verði kortlagt og myndað með markvissum hætti til að unnt sé að meta árangur.

3.4. Landnotkun

Öll landnotkun innan náttúruvættisins og á áhrifasvæði þess skal vera í samræmi við markmið um verndun Dynjanda.

3.5. Innviðir

Nægir innviðir skulu vera til staðar til að taka á móti þeim gestum sem heimsækja svæðið. Uppbygging innviða skal gera ráð fyrir aðgengi hreyfihamlaðra að ákveðnum svæðum í samræmi við deiliskipulag svæðisins og notast skal við flokkunarviðmið Ferðamálastofu varðandi aðgengi hreyfihamlaðra. Samræmi skal vera í útliti og hönnun mannvirkja á svæðinu og þau skulu falla vel að umhverfinu. Reglulegt viðhald skal vera á öllum innviðum.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun vinni heildstæða framkvæmdaráætlun fyrir svæðið og hugað verði að útliti og samræmingu innviða. Áætlunin skal liggja fyrir árið 2015.

3.5.1. Gönguleiðir

Gönguleiðir skulu vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Göngustígar skulu vera vel merktir, öruggir og með besta fánlegu undirlagi svo að gestir svæðisins fylgi þeim og gangi ekki utan þeirra. Hluti gönguleiða, að Hrisvaðsfossi, skal vera fær hreyfihömluðum.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun ljúka lagfæringum og uppbyggingu á göngustígum meðfram Dynjandisá og hönnun og uppsetningu útsýnispalla samkvæmt deiliskipulagi árið 2018.
- ✓ Umhverfisstofnun sjái til þess að göngustígum verði viðhaldið eftir föngum.
- ✓ Umhverfisstofnun sjái til þess árlega að girðingum og merkingum við göngustíga verði viðhaldið og bætt við eftir þörfum.

3.5.2. Salerni

Salerni skulu vera til fyrirminnar og þjónusta alla gesti svæðisins allan ársins hring. Salerni skulu vera vel viðhaldið og þrífín reglulega. Ætíð skal notast við umhverfisvænar hreinlætisvörur. Stefna skal á stækkun salernisaðstöðu að því marki að anna þeim fjölda gesta sem heimsækja svæðið. Umhverfisstofnun og Ísafjarðarbæjar skulu stefna að samvinnu um þrif á vatnssalernum yfir sumartímann og stuðla að því að salerni séu ætíð hrein.

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því að Ísafjarðarbær annist viðhald á vatnssalernum árið 2015.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því að Ísafjarðarbær í samstarfi við stofnunina stefni að stækkun á salernisaðstöðu fyrir árið 2017.

3.5.3. Sorpflokkun

Mikið af úrgangi fellur til á svæðinu. Stefna skal að því að allt sorp sem fellur til við Dyjanda verði flokkað.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við Ísafjarðarbæ um að setja upp ílát fyrir skilgaldsskyldar umbúðir fyrir árið 2016.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við Ísafjarðarbæ um að stefna á að flokkunarílát fyrir plast, pappír, lífrænt og almennt sorp verði sett upp fyrir árið 2020. Umhverfisstofnun hafi eftirlit með ílátum og Ísafjarðarbær sjái um að ílát verði tæmd eftir þörfum.

3.5.4. Tjaldsvæði

Tjaldsvæði skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Aðgreina skal svæði fyrir tjöld annars vegar og húsbíla, fellihýsi og hjólhýsi hins vegar. Ísafjarðarbær hefur umsjón með daglegum rekstri tjaldsvæðisins. Tryggja skal aðgang að hreinu vatni á tjaldsvæðinu.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun í samstarfi við Ísafjarðarbæ ljúki við skipulagningu tjaldsvæðisins og óski eftir því að Ísafjarðarbær ljúki verkefninu, stækkun og skipulagningu tjaldsvæðis, fyrir árslok 2018.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því að Ísafjarðarbær setji upp upplýsingaskilti um tjaldsvæðið með umgengisreglum sem um það gildir fyrir árið 2016.

3.5.5. Vegagerð og bílastæði

Framkvæmdir við bílastæði skulu vera í samræmi við gildandi deiliskipulag og bætt skal aðstaða fyrir rútur og bílastæði fyrir hreyfihamlaða með sérmerktum stæðum. Vegur að bílastæði verður bættur og komið verður á reglulegu viðhaldi.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því við Vegagerðina að samhliða viðhaldi á þjóðvegi nr. 60 ár hvert verði gert viðhald á vegi að að bílastæði við Dyjanda, árið 2015.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eft því við Vegagerðina að stækkun á bílastæði og merkingum stæða fyrir einkabíla, rútur og hreyfihamlaða verði framkvæmt fyrir árslok 2016.

3.6. Menningarminjar

Búið er að skrá allar fornleifar á svæðinu. Menningaminjar skulu verndaðar með því að stuðla að fræðslu og að tryggt sé að ekki sé hróflað við þeim. Sögulegum minjum skal einnig viðhaldið.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun vinni að samantekt á munnlegum sögnum og heimildum sem tengjast Dynjanda og óski eftir samstarfi við landeigendur, sveitafélag og félagasamtök á Vestfjörðum. Verkefnið skal hefjast fyrir árið 2016 og unnið árlega eftir föngum. Sagnir skulu svo birtar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

3.7. Ferðapjónusta

Búið er við því að aukinn fjöldi gesta heimsæki svæðið á næstu árum, ekki síst með bættu aðgengi. Gæta þarf að þolmörkum svæðisins, stuðla að því að heimsóknir dreifist yfir lengra tímabil en nú er og að ferðapjónusta þar sé sjálfbær og valdi ekki röskun eða óþarfa álagi á lífríki svæðisins. Landvörður skal fræða og upplýsa gesti um náttúruvættið og stuðla að auknum samskiptum við ferðapjónustuaðila sem nýta sér svæðið.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun setji upp teljara á göngustíg til að áætla fjölda gesta náttúruvættisins árið 2016.
- ✓ Umhverfisstofnun stefni að því að vinna þolmarkagreiningu fyrir náttúruvættið og innviði þess fyrir árslok 2019.

3.8. Vélbátar, flugvélar, þyrlur og ómönnuð loftför

Koma skal í veg fyrir truflun af völdum flugvéla, þyrla og ómannaðra loftfara í og við náttúruvættið. Líta skal til leiðbeininga Samgöngustofu um ómönnuð loftför.

3.9. Upplýsingar og fræðsla

Upplýsinga- og fræðsluefni um náttúru-, sögu- og menningarminjar náttúruvættisins og þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið skulu vera aðgengilegar almenningi. Upplýsingarnar skulu settar fram á skýran og auðskilinn hátt og stuðla að því að fólk læri að meta, skilja og tengjast náttúru- og menningaminjum svæðisins sem verið er að vernda, og þannig stuðla að góðri umgengni.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun setji upp tvö aðkomuskilti á mörk náttúruvættisins við Þjóðveg nr. 60 til að vekja athygli á mörkum verndarsvæðisins árið 2017.

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við NAVE um að setja upp fræðsluskilti um lífríki fjörunnar í Dynjandisvog fyrir árið 2020.

3.10. Rannsóknir og vöktun

Afla skal gagna þar sem þekkingu vantar varðandi lífríki, gróðurfar, jarðminjar og menningaminjar svæðisins. Vakta skal breytingu á lífríki og gróðurfari árlega.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við NAVE um að gera rannsóknar- og vöktunaráætlun fyrir árslok 2016.
- ✓ Landverðir vakti árlega fuglalíf í Dynjandisvogi og skrái tegundir og fjölda þeirra hverju sinni og skrái í dagbók landvarða.
- ✓ Landverðir vakti álag á svæðinu af völdum ferðamanna árlega og myndi göngustíga og gróður umhverfis þá tvisvar á ári, í byrjun og lok sumars, og skrái það í dagbók landvarða.

3.11. Innri starfsemi

Umhverfisstofnun skal hafa umsjón með daglegum rekstri og stjórnun náttúruvættisins. Yfir sumartímenn skal landvörður fara í reglulegt eftirlit á Dynjanda, að lámaki fjórum sinnum í viku yfir sumartímenn. Ísafjarðarbær skal hafa umsjón með daglegum rekstri vatnssalerna og tjaldsvæðis frá miðjum maí til miðjan september ár hvert. Umhverfisstofnun skal hafa umsjón með rekstri þurrsalernis. Umhverfisstofnun skal skoða möguleika á að auka landvörslu á svæðinu yfir sumartímenn ár hvert.

3.12. Öryggismál

Öryggi gesta og starfsmanna skal tryggt sem best við Dynjanda. Upplýsingum varðandi óhöpp og slys skal safna saman og þær greindar og metið hvort hægt verði að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Gert er ráð fyrir að starfsmenn Umhverfisstofnunar sem vinna á svæðinu séu vel að sér í skyndihjálpar og beri ávalt með sér fyrstuhjálpar búnað. Öryggisáætlun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar verður höfð til hliðsjónar við öryggismál á Dynjanda.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri Öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar fyrir Dynjanda fyrir árið 2016.
- ✓ Landvörður vakti stíga og mannvirki árlega m.t.t. öryggismála og skrái það í dagbók landvarða.
- ✓ Umhverfisstofnun skal stuðla að slysaforvörnum meðal gesta með merkingum og öðrum upplýsingum samhliða framkvæmdum við göngustíga og útsýnispalla á svæðinu.

4. Gildistími og endurskoðun

Verndar- og stjórnunaráætlunin gildir til ársins 2024. Meðfylgjandi áætluninni er aðgerðaráætlun sem gildir til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur verndarráðstafana og endurskoða og uppfærða aðgerðaáætlun.



Viðauki I

St. tíð. B, nr. 348/1986.

Auglýsing um náttúruvætti Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Dynjandi og aðra fossa Dynjandisá í Arnarfirði ásamt umhverfi þeirra við Dynjandisvog.

Mörk svæðisins eru: Frá odda Meðalness upp í fjallseggjar og með fjallsbrúnum umhverfis voginn og Dynjandisdal allt að mörkum jarðarinnar Dynjandi í Urðarhlíð og með þeim til sjávar í Deild. Þaðan með sjávarrönd að Meðalnesi.

Þessar reglur gilda um svæðið:

1. Í friðunni felst að ekki má skerða vatnsrennsli til fossanna. Gildir þetta einnig utan hins friðlýsta svæðis, að Stóra Eyjavatni og aðrennslissvæði þess undanskildu. Um hugsanlega vatnsmiðlun þar er skylt að hafa samráð við [Umhverfisstofnun].
2. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi [Umhverfisstofnunar].
3. Stefnt skal að verndun kjarrlendis á hinu friðlýsta svæði. [Umhverfisstofnun] getur sett nánari reglur um gróðurvernd þar.
4. Umferð um hið friðlýsta svæði er öllum heimil, enda sé góðrar umgengni gætt. Akstur er óheimill utan vegar. [Umhverfisstofnun] getur sett nánari reglur um aðgang almenning að svæðinu og dvöl þar.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 245/1981 um friðlýsingu Fjallfoss og annarra fossa í Dynjandi í Arnarfirði ásamt umhverfi þeirra í Dynjandisvogi.





Menntamálaráðuneytið, 23. júní 1986.
Sverrir Hermannsson

Runólfur Þórarinnsson

Viðauki II

Mörk náttúruvættisins.



| | | | | |
|---|-------------------------------------|---|--|---|
|  <p>UMHVERFISSTOFNUN http://www.ust.is</p> | <p>Dynjandi Náttúruvætti</p> | <p> Vatnasvið</p> <p> Mörk friðlýsts svæðis</p> | <p>N</p>  | <p>Flatarmál: 644,9 ha (64,5 km²)</p> <p>Kortavörpun: Lambert keiluvörpun</p> <p>Hnattsláða: ISN03</p> <p>Kortagerð: Guðni Hannesson LMÍ</p> <p>Dags: 28-01-2015</p> <p>© Landmælingar Íslands</p> |
|---|-------------------------------------|---|--|---|

Viðauki III

Deiliskipulagsuppráttur.





Viðauki V

Athugasemdir við drög verndar- og stjórnunaráætlunarinnar

Drög